

Stjórnarfundur mánudaginn 9. maí, Hraunbæ 42 kl. 20.30.

1. Ákveðin voru embætti kjörinna stjórnarliða (fyrir utan formann): Sólveig Simha verður gjaldkeri, Hulda Sif Birgisdóttir verður ritari og Eva Leplat verður meðstjórnandi.

2. Margrét Helga Hjartardóttir, nýr formaður, kynnti það sem hún hefur þegar gert síðan hún tók við embætti:

- Kí kallaði saman fulltrúa frá öllum fagfélögum sem var haldinn mánudaginn 11. apríl þar sem nokkur mál voru á dagskrá. Það er hægt að senda bréfafóst á vegum kennarsambandsins og önnur slík þjónusta í boði sem Kí styrkir félögin um. Margrét sendir fundargerð á stjórnarkonur. Ráðuneytið ætlar að hætta að veita föstu árlegu styrkina sem hafa verið 150.000 á félag. Í staðinn geta félögin sótt um styrki fyrir sérstök verkefni og ef ráðuneytið biður félögin um að vinna verkefni fyrir sig. Formenn fagfélaganna tjáðu óánægju sína með þessa ákvörðun. Allir formennirnir voru beðnir um að skrifa greinargerð um það hvernig þessir peningar hafa verið notaðar og gera átti samantekt á vegum Kí um það og fjalla um málið í Skólavörðunni. Um það bil 5 viðstaddra á þeim fundi tóku að sér að gera ályktun fundarins um málið.

- Seinni hlutann í apríl var 2. fundur hópsins „Le futur du français en Islande“, Gaëlle og Guðrún Sæmundssen frá sendiráðinu, Florent Gass frá AF og Petrína Rós frá STÍL voru viðstödd. Gaëlle kynnti hugmynd að myndbandi sem gera á í samstarfi við Kvikmyndaskólann og setja á á youtube í júlí. Á þeim fundi var rætt um hvað myndi höfða til unga fólksins, ein hugmynd var m.a. að fá þekkt andlit til að segja eitthvað á frönsku. Stjórnarkonur ræddu nokkrar hugmyndir sem Margrét ætlaði að koma áfram til Gaëlle /Guðrúnar Sæmundssen.

- Heimsþing FIPF í Liège í júlí: Petrína Rós Karlsdóttir mun fara þangað fyrir hönd félagsins.

- Fundur norrænna fagféлага mun fara fram í lok ágúst. Jóhanna fékk póst frá félaginu þar sem hún var hvött til að koma á fund (framhaldsfund eftir fundinn í Finnlandi 2015). Einnig verður fundur CEO í október. Margrét Helga ætlar að athuga með styrki fyrir þessum ferðum.

- Ákveðið var að athuga með dagsetninguna á verðunathöfn sendiherrans fyrir framhaldsskólanemendur, hvort hægt er að færa hana framar.

- Það þarf að ganga frá prókúrhafaskiptum. Margrét og Sólveig ætla að vera í sambandi við Sigurbjörgu Gylfadóttur, fráfarandi gjaldkera.

- Stefnt er að næsta félagsfundi í haust, fyrri hlutann í september, 9. september. Meðal annars verður hægt að ræða nýtt kennsluefni, hafa eins konar „atelier“-fund. Hægt verður að ræða önnur „hefðbundin“ málefni svo sem frönskukeppni framhaldsskólanna og „la semaine de la francophonie“ á öðrum fundi síðar um haustið.

Fundi slitið kl. 22.30.